

REGLUGERÐ

118

25. okt.

um kosningu og starfsvið iðnráða.

1. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð, en heimilt er einnig iðnaðarmönnum utan kaupstaða, í kaupsþúnum og annarsstaðar, að stofna iðnráð, en skilyrði fyrir því er þó það, að 25 iðnaðarmenn hið fæsta í 10 iðngreinum standi að iðnráðinu, enda sé iðnaðarmannafélag eða iðnfélag á staðnum. Þar sem ekki eru iðnráð á staðnum skulu lögreglustjórar, iðnaðarmenn og aðrir, sem þurfa á aðstoð iðnráðs að halda, snúa sér til iðnráðs næsta kaupstaðar, eða iðnráðs Reykjavíkur.

2. gr.

Iðnráðin skulu vera iðnaðarmönnum almennt til aðstoðar og ráða í ágreinings- og vandamálum þeirra. Þau skulu og vera lögreglustjórum, ríkisstjórn og bæjarstjórnnum til ráðuneytis, um mál er iðnað varða.

3. gr.

Iðnráðin skulu eftir því sem við verður komið, hafa eftirlit með því að lögum og reglugerðum um mál iðnaðarmanna sé framfylgt. Þau gera tillögur til lög- reglustjóra um skipun prófnefnda. Þau skulu einnig gera tillögur um iðnréttindi próflausra manna, enda mega lögreglustjórar ekki veita próflausum iðnaðarmanni neinskonar iðnréttindi, nema samkvæmt meðmælum viðkomandi iðnráðs, eða úrskurði ráðherra, ef um ágreiningsmál er að ræða.

4. gr.

Iðnráðsfulltrúar skulu undirrita námssamninga um iðnaðarnám, sem gerðir eru innan þess umdæmis, sem iðnráðin eiga heima, ef þeir uppfylla þau skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða í lögum og reglugerðum um iðnaðarnám, og ef samningarnir eru í samræmi við gerða samninga innan stéttarinnar um tölu, kaup og kjör iðnnema. Sé slíkur samningur ekki til, milli sveina og meistara innan stéttarinnar, hafa iðnráðsfulltrúar þeirrar iðngreinar heimild til að neita að undirskrifa námssamning, þangað til slíkur samningur hefir verið gerður.

Iðnráðsfulltrúi getur sagt upp námssamningi, þegar svo stendur á, sem segir í 14. gr. l. nr. 27 1936, um iðnaðarnám.

5. gr.

Rísi ágreiningur milli iðngreina, eða einhverra annara, um það hvaða verk tilheyri hverri iðngrein, eða hvað skuli teljast iðnaðarvinna, skal leita álits viðkomandi iðnráðs, sem þá skal beita sér fyrir að ná samkomulagi um lausn ágreiningsmálsins, með gerðardómi eða á annan hátt. Náist ekki samkomulag, skal iðnráðið gera tillögur til lögreglustjóra um úrskurð.

6. gr.

Í hverju iðnráði skal eiga sæti einn fulltrúi fyrir hverja iðngrein, kosinn sameiginlega, af sveinum og meisturum á staðnum, í þeirri iðngrein.

Þó skal þar sem bæði sveinafélag og meistarafélag eru starfandi á sama stað, í sömu iðngrein, kosinn sinn fulltrúinn af hvoru félagi, og sitja þá, í því tilfelli, tveir fulltrúar frá viðkomandi iðn í iðnráðinu.

118 Kjósa skal varafulltrúa fyrir hvern aðalmann í iðnráðinu, á sama hátt og
25. okt. aðalmann. Deyi aðalmaður, eða flytji burt úr umdæminu eða biðjist lausnar frá starfinu, tekur varafulltrúi við. Einnig er aðalfulltrúa heimilt að láta varafulltrúa gegna störfum í sinn stað, ef hann hefir lögleg forföll sjálfur.

Ef iðnráðsfulltrúi, kosinn af sveinafélagi, gerist meistari, eða öfugt, hefir viðkomandi félag rétt til að taka af honum umboð hans og fá það varamanni. Hið sama gildir, ef í iðngrein, sem áður var óskipt, eru mynduð sveina- og meistarafélög.

Ef varamaður forfallast á sama hátt, skal fara fram aukakosning í iðngreininni. Aukakosning fer fram með sama hætti og regluleg kosning.

Nú kýs einhver iðngrein engan fulltrúa í iðnráð, og getur iðnráðið þá sjálft valið sér fulltrúa fyrir þá iðngrein.

7. gr.

Kosningarrétt eiga allir þeir, er lögleg iðnréttindi hafa í einhverri iðngrein, þó þannig, að þar sem bæði sveina- og meistarafélag er starfandi á sama stað, er kosningarréttur bundinn við félagsréttindi í viðkomandi félagi.

Rísi ágreiningur um kosningarrétt, sker viðkomandi lögreglustjóri úr, samkvæmt skrá þeirri, er um getur í 12. gr. l. nr. 105 28. júní 1936.

Eigi einhver maður iðnréttindi í fleiri en einni iðngrein, er honum þó óheimilt að nota kosningarrétt sinn nema með einni iðngrein, og velur hann þá sjálfur, hver það skuli vera, en tilkynna skal hann það því félagi, sem fyrir kosningu stendur, og lögreglustjóra. Kjörgengi er ekki bundið við kosningarrétt.

8. gr.

Kosning til iðnráða skal fara fram í nóvembermánuði, í fyrsta sinn í nóvember 1937, og er kjörtímabilið tvö ár.

Þar sem bæði sveina- og meistarafélög eru starfandi á sama stað, í sömu iðngrein, sjá þau um kosninguna, hvort hjá sér. Þar sem eitt iðnfélag er á staðnum í einhverri iðngrein, boðar það til kjörfundar alla þá, sem kosningarrétt eiga í þeirri iðngrein, og stjórnar kosningunni. Í þeim iðngreinum, sem engan félagskap hafa, sér iðnaðarmannafélagið á staðnum eða ef það ekki er til, þá fjölmennasta iðnfélagið um kosninguna.

Kjörfund skal boða með viku fyrirvara bréflega, í blöðum, eða á annan hátt, svo að tryggt sé eins vel og unnt er að fundarboðið komist til allra hlutaðeiganda.

Kosning skal vera leynileg og bundin við uppástungur, og telst sá kosinn, er fær meirihluta greiddra atkvæða. Nú fær enginn af þeim, sem í kjöri eru, meiri hluta greiddra atkvæða, og skal þá kosið á ný um þrjá, sem flest fengu atkvæðin. Fáí enginn þeirra meiri hluta greiddra atkvæða, skal enn kosið milli þeirra tveggja, er flest atkvæði fengu, og hlýtur þá sá kosningu, er fleiri fær atkvæðin. Ef atkvæði eru jöfn, ræður hlutkesti. Kjörfundur er löglegur, ef löglega er til hans boðað.

9. gr.

Fulltrúi fjölmennasta iðnfélagsins á staðnum kallar iðnráðið saman til fyrsta fundar. Ef ekkert iðnfélag er til á staðnum, annast fulltrúi fjölmennustu iðngreinarinnar um þetta.

Nýkosið iðnráð kýs sér, á fyrsta fundi, framkvæmdarstjórn 3 eða 5 menn og jafnmarga til vara. Skal formaður kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

10. gr.

Framkvæmdastjórnin skal halda fundi svo oft, sem henni þykir þurfa, en fundi með öllu iðnráðinu skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Iðnráðs-

fundi skal boða bréflega, eða á annan tryggilegan hátt með viku fyrirvara. Fundur 118
er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. 25. okt.

Ef mál kemur fyrir fund framkvæmdastjórnar, sem varðar beinlínis einhverja iðngrein eða iðnfélag, sem ekki á fulltrúa í framkvæmdastjórn, skal viðkomandi fulltrúi boðaður á fundinn.

Framkvæmdastjórnin fer að öðru leyti ein með mál iðnráðsins milli funda þess og getur iðnráðið sjálft sett nánari starfsreglur fyrir framkvæmdastjórnina.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 105 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað og lögum nr. 85 18. júní 1933, um breyting á þeim lögum, til þess að öðlazzt gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

119

um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni í Súgandafirði.

26. okt.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir árlega:

1. Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiða vatnsskatt af fasteignamatsverði húseigna sinna þannig:
Af fyrstu 2000 kr. greiðist 4‰.
Af næstu 2000 kr. greiðist 3‰.
Af því sem þar er yfir 2‰.
2. Fyrir vatn til þvotta á nýjum eða söltuðum fiski greiðist 10 aurar fyrir það fiskmagn, sem samsvarar 160 kg af fullþurru saltfiski. Af hverri sildartunnu — frystri, kryddaðri eða saltaðri — greiðast 5 aurar. Af hverju fati lifrar til bræðslu greiðist 5 aurar.
3. Fyrir vatn til aðkomuskipa skal greiða 20 aura fyrir hvern hektólítra.
4. Fyrir aðra notkun ákveður hreppsnefndin gjald þegar ástæður þykja til.
5. Gjöld þessi getur hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hækkað eða lækkað um allt að 20%, fyrir eitt ár í senn.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.